

STEFÁN KARLSSON

Íslömsk bókstafstrú og hryðjuverkastarfsemi

» Mark A. Gabriel, *Islam and Terrorism: What the Quran Really Teaches About Christianity, Violence and the Goals of the Islamic Jihad*. Charisma House 2002, 236 bls.

Í kjölfar hryðjuverkanna í New York hinn 11. september árið 2001 hefur íslam vakið aukna athygli víða um heim og áhugi manna á þeim trúarbrögðum aukist verulega. Vandinn er sá að á Vesturlöndum hefur almennur skilningur á því fyrir hvað íslam stendur og hvað trúin kennir verið takmarkaður. Í umræðunni má heyra misjöfn sjónarmið. Sumir fullyrða að íslam sé friðsamleg trúarbrögð, en aðrir eru öndverðrar skoðunar. Ágreiningurinn snýst um hvert sé raunverulegt inntak íslams. Er sú mynd sem velunnarar íslams á Vesturlöndum draga upp af trúnni sú rétta, eða er lýsing þeirra byggð á óskhyggju, í versta falli vísvitandi blekkingu? Eða er sú mynd sem andstæðingar íslams á Vesturlöndum draga upp af trúnni, og framganga og málflutningur margra bókstafstrúaðra múslíma virðist styðja, hið sanna íslam?

Eitt af þessum sjónarmiðum kemur fram í bókinni *Islam and Terrorism* eftir Mark A. Gabriel. Í formála hennar segir að höfundurinn veki athygli á sögulegum staðreyndum um kenningar og athafnir Múhameðs spámanns sem fáir Vesturlandabúar hafi vitneskju um. Hann sýni fram á að íslamskir bókstafstrúarmenn samtímans kenni og ástundi trú sína nákvæmlega í samræmi við boðskap Múhameðs og Kóranins. Hann bendi líka á að öll hryðjuverk sem framin eru í nafni trúarinnar verði skiljanleg í ljósi íslamskrar bókstafstrúar. Þar liggja rætur hryðjuverkastarfsemi nútímans. Það séu kenningar íslams sem skapi hryðjuverkamenn sem séu

GLÍMAN 4 (2007), 287–301

reiðbúnir að fremja allskyns illvirki í nafni Alla. Í íslam sé að finna mikinn fjandskap og lítilsvirðingu gagnvart þeim sem aðhyllast önnur trúarbrögð. Bókarhöfundur vitnar t.d. um þá reynslu sína að bókstafstrúuðum múslímum sé samt að uppfefna kristna menn sem heiðingja og gyðinga sem börn apa og svína, en þá lýsingu á fylgismönnum þessara trúarbragða sé að finna í Kóraninum.¹ Gengur höfundur jafnvel svo langt í gagnrýni sinni að fullyrða að hatrið sé innbyggt í íslam.²

Mark A. Gabriel er fyrrverandi fræðimaður og kennari við Al-Azhar-háskólann í Kaíró í Egyptalandi en hann er elsti og virtasti háskóli í íslömskum fræðum í heiminum. Þegar hann fór að láta í ljós efasemdir um trúna og spyrja óþægilegra spurninga var hann rekinn úr starfi í desember árið 1991. Í kjölfarið var honum varpað í fangelsi þar sem hann þurfti að sæta yfirheyrslum og þola miklar pyntingar. Að tveimur vikum liðnum var honum sleppt úr haldi fyrir tilmæli bróður síns, en hann var áhrifamaður á egypska þinginu. Eftir þessa reynslu missti bókarhöfundur trú á því að íslam væri grundvöllur sannleikans. Um alllangt skeið lifði hann án trúar, en það setti hann í mikla tilvistarkreppu. Þegar ár var liðið frá því að honum var sleppt úr haldi urðu tímamót í lífi hans. Læknir hans, sem var kristin kona, gaf honum Biblíuna og upp frá því snerist hann til kristinnar trúar. Þegar það spurðist út gerðu íslamskir bókstafstrúarmenn árangurslausa tilraun til að drepa hann því að hann var rétttræpur samkvæmt fyrimælum Kóransins. Þegar faðir hans frétti af trúskiptunum reyndi hann líka að drepa son sinn og neyddist hann að lokum til að flýja land með aðstoð systur sinnar og móður. Síðan þá hefur bókarhöfundur lifað í útleið, fyrst í Suður-Afríku og síðar í Bandaríkjunum. Eftir að hann yfirgaf Egyptaland skipti hann um nafn af öryggisástæðum til að forðast ofsóknir róttækra múslíma sem sátu um líf hans, en Mark A. Gabriel er ekki upprunalegt nafn hans.

Eins og áður hefur komið fram, fullyrðir bókarhöfundur að rætur hryðjuverkastarfsemi liggi í trúarlegum kennisetningum íslams sem eru í Kóraninum. Frá þeim sækja íslamskir hryðjuverkamenn innblástur og réttlætningu. Íslam sé lögmálstrú sem byggist á strangri verkaréttlætningu. Hún sé trú verka en ekki vona. Þungamiðja trúarinnar felist í því að hlýða boðum Alla eins og þau birtast í Kóraninum og siðvenjum sem

1 Mark A. Gabriel 2002, 23; 161.

2 Sama, 5.

kallast *hadith*, enda merki hugtakið *islam* undirgefni. Menn geti aðeins áunnið sér rétt til vistar í Paradís með því að gefa sig skilyrðislaust á vald Alla. Þrátt fyrir það geti múslímar aldrei verið vissir um hjálpræði sitt. Þeir trúu því að eftir dauðann dvelji þeir í gröfum sínum þar sem þeir bíðu dómsins á degi upprisunnar. Þegar sá dagur renni upp setji Alla verk manna á vogaskálarnar og úthluti þeim örlögum. Góðverk séu samt engin trygging fyrir vist í Paradís jafnvel þótt menn hafi ástundað þau allt sitt líf. Það sé allt saman háð ákvörðun Alla.³

Bókarhöfundur segir að einungis ein leið sé örugg fyrir múslíma til að tryggja sér aðgang að Paradís. Hún felist í því að deyja í heilögu stríði, jihad — deyja í baráttunni við óvini íslams. Aðeins sú leið geti veitt þeim fullvissu um að þeir muni komast til Paradísar svo framarlega sem þeir trúa fyrir mælum Kóransins. Þessi staðreynd skapi fullkomna réttlætningu fyrir sjálfsmorðsprengjumenn og baráttumenn heilags stríðs. Þarna liggja rötin að hryðjuverkastarfsemi múslíma um allan heim. Þeir séu knúnir áfram af trúarlegum hvötum sem sé miklu hættulegra en þegar menn láta stjórnast af pólitískum hugsjónum.⁴

Hugtakið heilagt stríð, eða *jihad*, merki einfaldlega „barátta“. Sú barátta snúist um það að berjast við óvini Alla þar til annað hvort andstæðingnum hefur verið tortímt eða stríðsmenn guðs liggja í valnum. Þessu finnur bókarhöfundur m.a. stað í eftirfarandi Súru í Kóraninum:

(Jihad) snýst um að heyja stríð gegn sérhverjum þeim sem stendur í vegi fyrir útbreiðslu íslams. Eða berjast gegn sérhverjum þeim sem neitar að ganga íslam á hönd.⁵

Á nokkrum stöðum í Kóraninum er skírskotað til þeirrar umbunar sem þeim hlotnast sem láta lífið í heilögu stríði. Í því sambandi er algengt að vitna til þess að Alla verðlauni menn með því að veita þeim óþrjúgandi orku til að njóta ásta með sjötíu meyjum fyrstu nóttina eftir dauðann þó að bókarhöfundur nefni það ekki í þessu samhengi. Hann bendir hins vegar á að í Kóraninum komi fram að þeir sem deyi í heilögu stríði þurfi jafnvel ekki að dvelja í gröfnni og bíða dómsins, heldur fara þeir beint til Paradísar:

3 Sama, 27.

4 Sama, 28–29.

5 Sama, 28. Byggt á súru 8:39.

Látum þá (hina trúuðu) sem leggja líf sitt í þessum heimi í sölnar fyrir lífið eftir dauðann berjast fyrir málstað Alla, og hver sá sem berst í þágu Alla og er drepinn eða hefur sigur, honum mun hlotnast mikil umbun.⁶

Fyrir þá hefur Alla útbúið aldingarða (Paradís) með rennandi vötnum, þar sem þeir dvelja að eilífu. Það eru æðstu verðlaunin.⁷

Bókarhöfundur upplýsir að þegar einhver lætur lífið í jhah er sérstök-um greftrunarsíðum framfylgt. Hljóti maður eðlilegan dauðdaga er líkami hans þveginn og hann síðan færður í betri fót eins og hann væri að fara til bæna í moskunnni. Falli maður hins vegar í heilögu stríði er líkami hans hvorki þveginn né klæddur í hrein fót. Hann er lagður í kistuna nákvæmlega eins og hann var á þeirri stundu sem hann lét lífið. Blóðið er vitnisburður hans frammi fyrir Alla, tákn um heiður. Músl-ímar trúa því að englarnir umgangist slíkan mann af sérstakri virðingu frammi fyrir Alla.⁸

En hvað má þá segja um þau vers í Kóraninum sem fjalla á jákvæðan hátt um kristna menn og hvetja til góðverka, spyr bókarhöfundur. Hann segir að til sé svar við þeirri spurningu. Kóraninn sé uppfullur af þversögnum. Þar sé hægt að finna vers þar sem kristnir menn séu lofsamaðir ásamt versum þar sem þeir séu fordæmdir. Ein opinberunin leyfi neyslu áfengra drykkja að lokinni bænagjörð en í öðrum versum sé áfengisneysla stranglega bönnuð. Á upphafsárum íslams hafi konur ekki verið neyddar til að bera slæðu (*hijab*) en í seinni tíma versum sé þeim fyrirskipað að halda sig heima við og hylja sig.⁹ Það sé hlutverk íslamskra fræðimanna að skera úr um hvaða versum skuli fylgt þegar mótsagna gæti. Við ákvörðun sína styðjist þeir við tiltekna reglu sem kallast *naski* og á íslensku mætti þýða með sögninni *yfirskyggja*.¹⁰

Bókarhöfundur segir að þessi regla taki mið af því að Kóraninn hafi opinberast Múhameð spámanni á mismunandi tímasteiðum í lífi hans sem spönnuðu meira en tuttugu ár. Sumir hlutar ritsins hafi orðið til snemma á spádómsferli hans en aðrir opinberast honum löngu seinna. Til að leysa mótsagnir helgiritisins hafi íslamskir fræðimenn ákveðið að seinni

6 *The Noble Quran*, súra 4:74.

7 Sama, súra 9:89; Mark A Gabriel 2002, 28.

8 Mark A. Gabriel 2002, 28.

9 *The Noble Quran*, súra 33:59.

10 Mark A. Gabriel 2002, 29–30.

tíma opinberanir spámannsins skyldu teknar fram yfir, eða yfirskyggja (*nasikh*) þær eldri. Þessi regla hafi mjög mikla þýðingu. Ef versí sé vikið til hliðar eða það yfirskyggt líti svo út sem það sé ekki lengur til.¹¹

Mótsagnir Kóransins eru að mati höfundar komnar til af því að opinberanir spámannsins breyttust í tímans rás. Í fyrstu hafi skilaboð þeirra verið í anda friðar og vinsemdar. En kringumstæðurnar hafi breyst. Eftir að hafa mætt mikilli andstöðu í Mekka flýði Múhameð til borgarinnar Medínu. Þar safnaði hann um sig stórum hópi stuðningsmanna og byggði upp öflugan her til þess að ná fæðingarborg sinni á sitt vald. Bókarhöfundur telur að þessir atburðir hafi breytt íslam úr andlegum trúarbrögðum í pólitískt byltingarafl.¹²

Í Mekka snerist líf Múhameðs um bænagjörð og íhugun og þess vegna fjalla opinberanir hans þaðan um frið og vinsamleg samskipti við aðra, segir höfundur. Í Medínu hafi spámaðurinn hins vegar gerst stríðsherra sem fór fyrir innrásarher og í samræmi við það snúist opinberanirnar þaðan um hervald og stríðsaðgerðir í nafni íslams (jihad).¹³

Bókarhöfundur bendir á að það séu að minnsta kosti 114 vers í Kóraninum sem fjalli um kærleika, frið og fyrirgefningu. Sextú prósent af versum hans fjalli hins vegar um jihad, en það skýrist á því að stærsti hluti helgiritsins opinberaðist Múhameð eftir að hann yfirgaf Mekka. Jihad hafi þess vegna orðið þungamiðja og drifkraftur íslams. Í Kóraninum sé miklu rými varið í að lýsa hagnýtum kenningum sem líti að jihad, eða heilögu stríði, vegna þess að það var svo stór hluti af lífi Múhameðs í Medínu. Þar komi fram að markmið jihad sé að beygja þá til hlýðni sem neiti að samþykkja íslam eins og eftirfarandi súrur vitni um:

Þeir sem hafna íslam skulu líflátnir. Ef þeir snúa baki [við íslam] skulið þið taka þá [fasta] og drepa þá hvar sem þið finnið þá [...]¹⁴

Svo að þegar þú mætir [í baráttu — jihad í þágu Alla] þeim vantrúuðu skaltu rista (þá) á hol allt þar til þú hefur drepið þá og sært marga þeirra og síðan leggja fjöttra [á þá, þ.e. taka þá til fanga].¹⁵

11 Sama, 30–31.

12 Sama, 31.

13 Sama, 31.

14 *The Noble Quran*, síra 4:89.

15 *The Noble Quran*, síra 47:7; Mark A Gabriel 2002, 30–33.

Mark A. Gabriel segir að á dögum Múhameðs hafi jíhad einkum beinst gegn kristnu fólki, gyðingum og svonefndum skurðgoðadýrkendum, eða öllum sem ekki vildu snúast til íslams. Eftir flótta spámansins til Medínu hafi þær opinberanir sem hann fékk og fjölluðu um kristna menn og gyðinga orðið mjög fjandsamlegar. Fyrirmæli Kóransins fara að beinast að því að neyða þá sem aðhylltust þessi trúarbrögð til að taka trú á Alla.¹⁶ Auk þess fer hann að boða að múslímar megi ekki stofna til vináttu við kristna menn og gyðinga:

Veljið ykkur ekki gyðinga og kristna menn að Auliya (vinum, verndurum, stuðningsmönnum), þeir eru aðeins Auliya hvers annars. Og ef einhver ykkar á meðal velur þá (sem Auliya) er hann vissulega einn af þeim.¹⁷

Bókarhöfundur fullyrðir að jíhad sé ekki aðeins valkostur fyrir múslíma. Það sé öllu heldur skylda sem allir fylgismenn spámansins, sem eiga þess nokkurn kost, verði að uppfylla samkvæmt fyrirmælum Alla. Þeir sem ekki taki þátt í jíhad kalli yfir sig reiði Alla og þeim sé hótad með logum vítis.¹⁸ Endanlegu markmiði heilags stríðs sé fyrst náð þegar allur heimurinn lúti valdi íslams. Það feli í sér að allar þjóðir lýsi því yfir að íslam sé bæði þeirra trúarbrögð og stjórnskipan. Íslam sé ekki aðeins trúarbrögð, heldur einnig lífsstíll og stjórnkerfi. Trúin kenni að Alla sé eina yfirvaldið og þess vegna verði stjórnkerfi allra ríkja að byggjast á kenningum hans og engu öðru.¹⁹ Þetta markmið íslams sé ennþá í fullu gildi eins og eftirfarandi tilvitnun í Mawlana Abul Ala Mawdudi, stofnanda pakistanskrar bókstafstrúarhreyfingar, staðfesti:

Múslímaþjóðirnar eru mjög sérstakar vegna þess að þær hafa skipun frá Alla um að stjórna öllum heiminum og ríkja yfir öllum þjóðum veraldarinnar. [...] Íslam er byltingarsinnuð trúarbrögð sem stefna að því að tortíma öllum stjórnvöldum sem eru stofnuð af mönnum. [...] Markmið íslams er að stjórna öllum heiminum og beygja allt mannkyn til trúar á íslam. Gegn sérhverri þjóð eða valdhafa í þessum heimi sem reynir að standa í vegi fyrir þessu markmiði mun íslam berjast gegn og tortíma.

16 Sbr. súru 8:39 og 4:47.

17 Súra 5:51. Mark A Gabriel 2002, 34–36.

18 *The Quran Translation*, súra 9:81 og 8:16.

19 Mark A Gabriel 2002, 36–38.

Til þess að íslam geti náð þessu markmiði er réttlætanlegt að beita öllum tiltækum valdatakjum með hvaða hætti sem er til að koma á alheimsbyltingu. Þetta er jihad.²⁰

Mark A. Gabriel viðurkennir að sumir múslímar aðhyllist ekki þessa trúarafstöðu. Þeir skiptist í ólíkar tegundir alveg eins og kristnir menn. Hinir svokölluðu veraldlegu múslímar aðhyllist mildari gerð íslams og hafni ákallinu um heilagt stríð. Hinir svonefndu hefðbundnu múslímar skiptist í tvennt. Annars vegar séu þeir sem hafa kynnt sér íslam og leggi rækt við trúna en hugtakið jihad sé þeim mikill ásteytingarsteinn. Sumir þeirra líti á jihad sem andlega baráttu eins og Súfistar gera, en þeir eru hreyfing innan íslams. Hins vegar séu þeir sem vita að jihad sé barátta gegn þeim sem ekki aðhyllast trúna en taka ekki þátt í baráttunni af ýmsum persónulegum ástæðum. Loks séu það svokallaðir bókstafstrúaðir múslímar sem aðhyllast vopnaða baráttu og eru tilbúnir að fremja hryðjuverk. Þeir leitist við að ástunda íslam eins og Múhameð gerði og útbreiða trúna með sverði. Þó að þeir séu kallaðir róttæklingar séu þeir fulltrúar hins sanna íslams.²¹

Bókarhöfundur fullyrðir að í opinberri umræðu á Vesturlöndum, einkum í fjölmiðlum, sé oft og tíðum reynt að breiða yfir hið raunverulega eðli íslams. Þar sé íslam yfirleitt kynnt sem trúarbrögð friðar því að það hljómi vel í eyrum Vesturlandabúa. Auk þess sé reynt að skilja á milli trúarlegar og pólitískrar hliðar íslams sem sé alger viðsnúningur á sannleikanum. Þennan málflutning megi skýra með tvenns konar hætti. Annars vegar sé um að ræða óskhyggju. Þó að lýsing fjölmiðla sé ekki í samræmi við íslam eins og trúin er kennd í Kóraninum telji menn sér trú um að hún sé sannleikanum samkvæm. Þessi óskhyggja komi m.a. fram í þeirri staðhæfingu að réttur kvenna sé tryggður í íslam og að konur njóti jafnréttis á við karla. Þetta sé fjarri sanni þegar litið sé til þess sem Kóraninn kenni. Misréttið komi m.a. fram í heimildinni til fjölkvænis, réttinum til að skilja við maka sinn og réttinum til að erfa eignir.²²

Í öðru lagi telur bókarhöfundur að skýra megi þá jákvæðu mynd sem dregin sé upp af íslam á Vesturlöndum sem blekkingu til að afla trúskipt-

20 Sama, 81–82.

21 Sama, 38–39.

22 *The Noble Quran*, súra 4:3; 2:229; 4:11.

inga. Þar sé um að ræða jítihad háð með annars konar meðulum. Í stað þess að drepa óvininn sé honum snúið til trúar með lygi.²³

Mark A. Gabriel segir að þeir sem taki upp íslamska trú verði þrælur Alla og afsali sér réttindum sínum. Í íslam sé hvorki rúm fyrir mannréttindi né lýðræði. Samkvæmt trúnni sé lýðræði óviðunandi stjórnarform vegna þess að það byggist á mannaþvingingum. Á sama hátt séu mannréttindi, þar á meðal réttindi kvenna, óviðunandi því að þau séu einnig byggð á hugmyndum sem ekki fyrirfinnist í Kóraninum. Allt séu þetta vestrænar hugmyndir komnar frá svokölluðum trúleysingjum og múslímar viðurkenni þær ekki. Til sé grundvallarregla í íslömskum lögum sem kallist *Al-Qaeda Al-Faqubia* en í henni felist að allir þeir sem hafna íslömskum sannleika séu stimplaðir trúníðingar og heiðingjar. Í framkvæmd þýði þessi regla að allir þeir sem neita að beygja sig algerlega undir meginreglur íslams séu réttdræpir. Henni sé hægt að beita gegn þeim sem falli frá trúnni en það feli í sér að trúfrelsi sé ekki til staðar í íslam. Einnig sé hægt að beita þessari reglu gegn þeim sem gagnrýna íslam en í því felist að trúin umber ekki málfrelsi.²⁴

Máli sínu til stuðnings tilgreinir bókarhöfundur nokkur dæmi um hvernig íslamskir bókstafstrúarmenn hafa reynt að þagga niður í andstæðingum sínum. Hann bendir á að íslam standi í stöðugu stríði við rithöfunda, blaðamenn og annað fjölmiðlafólk sem tjái skoðanir sínar opinberlega í hinum frjálsa heimi. Margt fólk hafi fórnað lífi sínu vegna þess að það hafi leyft sér að vera annarrar skoðunar en íslamskir bókstafstrúarmenn. Þetta umburðarleysi í garð tjáningarfrelsisins teygir jafnvel arma sína til landa þar sem íslam er ekki ríkjandi trúarbrögð. Eitt þekktasta dæmi um það er þegar leiðtogi Írans, erkiklerkurinn Ayatollah Khomeini, kvað upp dauðadóm yfir breska rithöfundinum Salman Rushdie vegna útkomu bókar hans, *Söngva Satans*. Fé var lagt til höfuðs rithöfundinum og neyddist hann til að fara í felur og lifa í stöðugum ótta um líf sitt.²⁵

Gabriel fullyrðir að trúarbragðafrelsi ríki ekki innan íslams. Í raun og veru sé mælt fyrir um trúarlegar ofsóknir í Kóraninum. Í Sádi-Arabíu og víðar í hinum íslamska heimi sé kristnum mönnum bannað að reisa kirkjur og ástunda trú sína. Þeir múslímar sem hugleiði að skipta um trú

23 Mark A Gabriel 2002, 41–47.

24 Sama, 55.

25 Sama, 56–58.

verði að gjalda fyrir það með lífi sínu. Jafnvel valdamenn eins og Mu-
 ammar Gaddafí, leiðtogi Líbýu, séu ekki frjálsir að trúa því sem þeir vilji.
 Þegar einræðisherrann lýsti því eitt sinn yfir að hann tryði bara á það sem
 stæði í Kóraninum og hafnaði öllum þeim siðvenjum Múhameðs spá-
 manns sem kallast *hadith* vakti það hörð viðbrögð hjá íslömskum trúar-
 leiðtogum. Nefnd var send til Líbýu sem varaði leiðtogann við afleiðing-
 unum af ákvörðun hans. Hún tjáði honum að ef hann iðraðist ekki og
 afturkallaði yfirlýsingu sína myndi hann falla undir lögin um trúníðinga
 og heiðingja. Var honum tjáð að samkvæmt *Al-Qaeda Al-Faqubia* væri
 hann að hafna mörgum af sannindum íslams og að það myndi neyða
 sanna múslíma til að drepa hann. Í ljósi þessara upplýsinga lýsti leiðtogi
 Líbýu því yfir að hann iðraðist og tók aftur yfirlýsingu sína.²⁶

Mark A. Gabriel eyðir nokkuð ítarlegu máli í það að rökstyðja að
 hryðjuverkastarfsemi eigi sér sögulegar rætur sem megi rekja allt aftur
 til tíma Múhameðs. Hann upplýsir að á dögum spámansins hafi það
 þá þegar verið endanlegt markmið heilags stríðs að beygja allan heiminn
 undir vald íslams með sverði. Síðasta opinberunin um jíhad hafi snúist
 um þetta markmið:

Berjist við þá þangað til enginn Fitnah [= trúleysingi og fjölgyðistrúarmaður,
 þ.e. sá sem tilbiður aðra guði en Alla] er eftir og aðeins Alla einn er tilbeðinn
 [í heiminum öllum].²⁷

Bókarhöfundur fullyrðir að íslamskir hryðjuverkamenn sæki inn-
 blástur sinn í opinberanir á borð við þessa. Með aðgerðum sínum séu
 þeir einfaldlega að hlýða kalli spámansins og taka við kyndlinum sem
 hann hóf á loft. Þráðurinn milli nútíðar og fortíðar hafi aldrei slitnað. Sá
 kyndilberi heilags stríðs sem hafi markað þáttaskil í hryðjuverkabaráttu
 múslíma í nútímanum sé Egypti að nafni Sayyid Qutb, en hann var
 uppi á árunum 1906 til 1965. Árið 1948 var hann valinn af egypskum
 stjórnvöldum til að fara til Bandaríkjanna til að kynna sér nýjungar í
 menntamálum. Hann hafi snúið aftur frá Ameríku uppfullur af öfund
 og andúð á bandarískri menningu. Eftir heimkomuna hafi hann gengið
 til liðs við Bræðralag múslíma en það er bókstafstrúarhreyfing sem berst
 gegn vestrænum áhrifum og veraldlegum stjórnvöldum í hinum íslamska

26 Sama, 58–62.

27 *The Noble Quran*, síra 8:39. Mark A Gabriel 2002, 78.

heimi og hefur staðið fyrir fjölda banatilræða og aftökum á ráðamönnum í Egyptalandi. Í kjölfarið mun hann hafa skrifað sjö bækur sem hafa gert hann að heimspekingi og andlegum leiðtoga íslamskra hryðjuverkasamtaka nútímans. Þar hvetji hann múslíma um allan heim til að sporna við og rísa gegn öllum veraldlegum valdhöfum jarðarinnar og linna ekki látum fyrir en þeir hafi steipt af stóli öllum stjórnvöldum sem dauðlegir menn hafi stofnað til. Þetta sé endanlegt ákall til múslíma og egin máламиðlun komi til greina. Um þetta segi Qutb:

Upprætið öll stjórnvöld og samtök sem menn hafa stofnað til. [...] Tilkoma guðsríkisins getur aðeins orðið fyrir tilverknað valdsins og sverðsins.

Gabriel segir að Qutb gagnrýni einnig þá múslíma sem leggi áherslu á fyrstu opinberanir spámannsins og leiði hjá sér hin endanlegu fyrir-mæli Alla. Hann segi að þessir múslímar svipti íslam valdi sínu og byggi sínar eigin kenningar á útvöldum versum.

Þetta eru sömu múslímarnir og vilja bera merki íslams án þeirrar ábyrgðar sem fylgir því að umturna öllum heiminum ásamt öllum hans stjórnárum og jarðneskum stjórnvöldum.²⁸

Gabriel upplýsir að árið 1965 hafi Qutb verið tekinn fastur og dæmdur til dauða af egypskum yfirvöldum. Eftir dauða sinn hafi hann notið mikillar hylli róttækra múslíma og kenningar hans haft mikil og langvarandi áhrif, ekki aðeins í Egyptalandi, heldur um allan heim. Bókarhöfundur lýsir því hvernig þessi þíslarvottur bókstafstrúaðra múslíma hafi eignast fjölda sporgöngumanna, en einn af þeim sé Sheikh Abdel Rahman sem afplánar nú lífstíðarfangelsi í Bandaríkjunum fyrir sprengju-tilræðið í World Trade Center árið 1993. Starfsemi í anda kenninga Qutbs hafi síðan þá haldið áfram að þróast og eflast. Það sé á þessum grunni sem hugmyndafræði jhads hafi smám saman tekið á sig skýrari mynd í heimi nútímans og að lokum stuðlað að stofnun Al-Kaída og árásunum á Bandaríkin 11. september 2001.²⁹

Bókarhöfundur segir að byltingin í Íran árið 1979, þegar keisara landsins, Reza Pahlavi, var steipt af stóli og íslamskt ríki stofnað í kjölfarið, hafi haft mikil áhrif á íslam og framvindu heimsmálanna. Þessir atburðir hafi gefið öllum íslömskum hreyfingum í heiminum byr und-

28 Sama, 114–122.

29 Sama, 116–117; 122–123.

ir báða vængi. Þær hafi fundið nýja von um að íslam myndi ná yfirráðum yfir veröldinni og hafa forystu í heiminum. Hin nýju stjórnvöld í Íran hafi tekið upp á því að styðja margar róttækar íslamshreyfingar í Arabaríkjunum og víðar. Á þeim árum sem liðin séu frá byltingunni hafi stjórnvöld í Íran stutt allar þær íslömsku bókstafstrúarhreyfingar sem ógnað hafa veröldinni með hryðjuverkum. Einn af fyrstu hópunum sem Íran hafi stofnað og stutt við bakið á sé Hizbollah-hreyfingin. Hún sé flokkur sía-múslíma í Líbanon sem hafi þá lífsköllun að uppræta áhrif kristinna manna í landinu og stofna íslamskt ríki.³⁰

Mark A. Gabriel segir að í kjölfar byltingarinnar í Íran hafi íslamskir bókstafstrúarmenn í Egyptalandi farið að láta meira til sín taka. Stofnuð hafi verið samtökin al-Jihad en þau voru klofningshópur úr tveimur öðrum samtökum, Islamic Group Movement og Bræðralagi múslíma. Þessi nýju samtök hafi sótt hugmyndafræði sína í bókina *The Missing Commitment* eftir verkfræðing að nafni Mohammed Abed al-Salem. Bókin leggi áherslu á Jihad sem einu leiðina til að endurreisa íslam. Höfundurinn gangi þó skrefi lengra en forgöngumenn hans. Til þessa hafi íslamskir höfundar lagt áherslu á arabaheiminn og sum Afríkulönd en í þessari bók hafi al-Salem byrjað að tala um innrás í Evrópu og Vesturlönd.³¹

Bókarhöfundur upplýsir að Al-Jihad hafi farið að undirbúa aðgerðir sínar árið 1980. Starfsemi sína hafi þeir fjármagnað með framlögum frá egypskum múslímum sem störfuðu í olúframleiðsluríkjum Miðausturlanda og einnig með því að ræna kristna menn í Egyptalandi. Aðgerðir sínar hafi þeir réttlætt með eftirfarandi tilvitnun úr Kóraninum:

Berjist gegn [...] þeim sem ekki aðhyllast trúarbrögð sannleikans [þ.e. íslam] meðal þjóða ritninganna [gyðinga og kristinna manna] þar til þeir gangast undir að greiða Jizyah [skatta] og játa sig sigraða.³²

Mark A. Gabriel segir að samtökin hafi ráðist til atlögu í Egyptalandi með því að myrða þáverandi forseta landsins, Anwar al-Sadat. Stjórnvöld hafi brugðist harkalega við og látið handtaka leiðtoga al-Jihad, þar á meðal Sheikh Omar Abdel Rahman, sem áður hefur komið við sögu. Þegar réttarhöld hófust yfir honum hafi hann varið og réttlætt gerðir

30 Sama, 139–142.

31 Sama, 145–150.

32 *The Noble Quran*, súra 9:29. Mark A. Gabriel 2002, 153.

sínar með tilvitnunum úr Kóraninum og tekist að sýna fram á að lög landsins gætu ekki ómerkt fyrir mæli helgiritsins. Honum hafi því verið sleppt lausum vegna skorts á sönnunum. Fimm menn hafi hins vegar verið fundnir sekir og teknir af lífi fyrir glæpinn, en einn af þeim var Muhammed Abed al-Salem, höfundur bókarinnar *The Missing Commitments*. Þrátt fyrir þetta áfall hafi samtökin lifað af og haldið áfram að blómstra. Áhrif þeirra hafi breiðst út um Norður-Afríku eins og eldur um sinu þó að bókstafstrúarmönnum hafi hvergi tekist að komast til valda þar nema í Súdan með hörmulegum afleiðingum fyrir kristna íbúa í suðurhluta landsins. Mörgum leiðtogum samtakanna hafi tekist að flýja til annarra landa, m.a. Afganistans, þar sem þeir hafi tekið upp samstarf við Osama bin Laden og aðstoðað hann við að stofna nýja hreyfingu sem þeir nefndu Al-Kaída. Einn þessara manna hafi verið dr. Ayman al-Zawahiri sem hefur verið kallaður hægri hönd bin Ladens. Þannig hafi Egyptaland orðið stökkpallur fyrir hugmyndafræði íslamskra hryðjuverkamanna og leiðtoga þeirra út í heiminn.³³

Bókarhöfundur segir að í kjölfar þessara atburða hafi íslamskir hryðjuverkamenn breytt um baráttuaðferðir bæði hvað snertir viðfangsefni og leiðir. Árásirnar beinist ekki lengur eingöngu gegn háttsettum embættismönnum og þjóðarleiðtogum, heldur gegn almennum borgurum til þess að skapa andrúmsloft ringulreiðar og skelfingar. Auk þess sé allur heimurinn orðinn baráttuvettvangur jíhads en ekki aðeins eitthvert tiltekið land. Áður hafi aðgerðir íslamskra hreyfinga verið staðbundnar. Markmið þeirra hafi verið að kollsteypa stjórnskipan heimalandsins fyrst og stofna íslamskt ríki og síðan að leggja undir sig heiminn. Eftir að hafa mistekist að ræna völdum í Egyptalandi á níunda áratug tuttugustu aldar hafi dr. Zawahiri og Sheikh Abdel Rahman dregið þá ályktun að vænlegra til árangurs væri að heyja jíhad með allan heiminn að vettvangi. Þeir hafi ákveðið að leggja til atlögu við „höfuðið“ frekar en „limina“. Höfuðið sé auðþekkjanlegt út frá pólitískri stefnu stjórnvalda. Vesturlönd séu hinn raunverulegi óvinur Alla og íslams. Bandaríkin og Evrópa hafi aðstoðað egypsk stjórnvöld við að uppræta íslömsk trúfélög. Bandaríkin hafi stutt Írak í baráttunni við bókstafstrúarmenn írönsku byltingarinnar og þau styðji dyggilega við bakið á Ísrael í baráttunni við Palestínaraba.

33 Sama, 154–173.

Í ljósi þessa segir Mark A. Gabriel að forystumenn Al-Kaída hafi dregið þá ályktun að Bandaríkin væru höfuðið og veraldleg stjórnvöld Arabalandanna væru limirnir. Út frá því hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu að með því að leggja til atlögu við höfuðið yrðu limirnir óstarfhæfir því að eftir höfðinu dansa limirnir. Þeir hafi því ákveðið að Vesturlönd skyldu vera helsta skotmark Al-Kaída. Bin Laden hafi sannfærst um réttmæti þeirrar kenningar Sheikhs Abdels Rahmans að jítihad skyldi háð á umráðasvæði óvinar íslams. Bókarhöfundur upplýsir að í kjölfarið hafi þessi stefna birst í framkvæmd í fjölmörgum árásum á bandarísk skotmörk. Þar megi helstar nefna sprengjuárásirnar á World Trade Center árið 1993, sendiráð Bandaríkjanna í Keníu og Tansaníu í ágúst 1998, bandaríska herskipið Cole í október 2000 og síðast en ekki síst árásina á World Trade Center í september 2001.³⁴

Auk þessa tilgreinir bókarhöfundur fimm ástæður fyrir því að Bandaríkin séu helsta skotmark íslamskra bókstafstrúarmanna:

- » Bandaríkin séu fulltrúar fyrir það fólk sem Kóraninn kalli „fólk ritninganna“ – þ.e. gyðinga og kristna menn.
- » Bandaríkin styðji Ísrael.
- » Bandaríkin séu uppspretta alls þess sem múslímar telja vera af hinu illa — klámvæðingar, áfengisneyslu, réttinda samkynhneigðra, illrar tónlistar, illrar tísku og illrar menningar.
- » Bandaríkin styðji kristna menn um allan heim. Fleiri kristnir trúboðar komi frá Bandaríkjunum en nokkru öðru landi.
- » Í Bandaríkjunum ríki „stjórn fólksins, af fólkinu og fyrir fólkið“ sem geri hana að heiðnum stjórnvöldum í augum múslíma vegna þess að Alla á að vera höfuð allra yfirvalda.³⁵

Í ljósi kristinnar lífsafstöðu sinnar lítur bókarhöfundur svo á að eina leiðin til að vinna bug á því hatri sem reki múslíma áfram sé að færa þeim fagnaðarerindið um Jesú Krist. Aðeins það geti grætt hjörtu þeirra og opnað augu þeirra sem slegnir séu blindu óvildarinnar. Pólítískar og hernaðarlegar aðgerðir gegni tilteknu hlutverki en megni ekki að upp-ræta illskuna. Múslímar verði að losna undan blekkingum íslams og kynnast kærleika, fyrirgefningu og miskunnsemi. Aðeins það geti opnað augu þeirra fyrir því að ekki sé nauðsynlegt að stytta sér aldur og drepa

34 Sama, 175–183.

35 Sama, 178.

annað fólk í nafni Alla til þess að forðast helvíti og komast til Paradísar. Þeir sem hafi aðeins kynnst þeim blóðsúthellingum og því hatri, sem eru afleiðingar og fylgifiskur jíhads, hljóti að hungra og þyrsta eftir þeim sanna friði sem kristin trú boði.³⁶

Mark Gabriel er þeirrar skoðunar að íslam séu ekki friðsamleg trúarbrögð. Að halda öðru fram sé einfaldlega byggt á óskhyggju eða tilraunum til blekkingar. Ástæðan fyrir hryðjuverkum múslíma sé heldur ekki af stjórnmálalegum rötum, heldur trúarlegum. Þeir sem reyni að afsaka og skýra hryðjuverk út frá yfirdrottunarstefnu Bandaríkjamanna í Mið-austurlöndum eru að mati hans á villigötum. Hryðjuverk séu tilraunir múslíma til að útbreiða trúna með valdi, þ.e. jíhad, og uppræta veraldleg stjórnvöld hvarvetna í veröldinni. Þau séu einfaldlega framhald af þeirri stefnu Múhameðs spámanns sem birtist í Kóraninum að útbreiða trúna með sverði þar til allur heimurinn lýtur íslam. Bókstafstrúaðir múslímar séu einfaldlega að framfylgja hinni raunverulegu stefnu spámannsins og þeir séu því fulltrúar hins sanna íslams. Íslam sé hættuleg ógn sem standi í vegi fyrir raunverulegum friði í heiminum, ekki síst í Palestínu þar sem Hamas og al-Jíhad hafa lýst yfir heilögu stríði gegn gyðingum.

Um það má deila hvort þessi túlkun Marks A. Gabriels á íslam gefi rétta mynd af trúnni. Á það má t.d. benda að túlkun hans er lituð af þeirri bitru reynslu sem hann varð fyrir í Egyptalandi og er ekki ólíklegt að hún hafi haft áhrif á mat hans. Hugsanlega gerir hann of lítið úr þeim 114 versum Kóransins sem hann segir að snúist um frið og þolgæði með því að halda á loft hugtakinu jíhad. Stundum lædist líka að manni sá grunur, að þau dæmi sem hann tilgreinir úr ævi Múhameðs spámanns, séu valin með nokkuð handahófskenndum hætti og að hann dragi of víðtækar ályktanir af sögulegum atburðum.

36 Sama, 195–219.

HEIMILDIR

Gabriel, Mark A., 2002. *Islam and Terrorism: What the Quran Really Teaches About Christianity, Violence and the Goals of the Islamic Jihad*. Charisma House.

The Noble Quran. English Translation of the Meanings and Commentary published by King Fahd of Saudi Arabia in Medina, „The City of Light“, Saudi Arabia in 1998. Þýðendur: dr. Muhammad Taqi-ud-Din Al-Hilali og dr. Muhammad Muhsin Khan.

The Quran Translation, 2001. Ensk þýð. eftir Abdullah Yusef Ali, 7. útg., Elm-hurst, New York, Tahrike Tarsile Quran, Inc.